



# Skarð í gígbarmi í Tartarus Montes

ESP\_029072\_2040

Á þessari mynd sést lítið skarð í gígbarmi og greinilegur farvegur. Svo virðist sem hraun hafi streymt í gegnum skarðið og fyllt upp í þennan næstum 10 km breiða árekstragíg. Með því tað taka aðra mynd af sama svæði frá öðru sjónarhorni (það sem við köllum þrívítt par) getum við skoðað landslagið í þrívídd og hjálpar það okkur að svara ýmsum spurningum um það sem gerðist hér. Kemur til dæmis hæsta brún hraunsins heim og saman við að flætt hafi upp úr gígnum og út fyrir hann? Eða fylltist gígurinn og jafnaði hæð hraunsins fyrir utan?